

Breytingartillögur

við frv. til fjárukalaga fyrir árið 2007.

Frá Jóni Bjarnasyni, Bjarna Harðarsyni og Kristni H. Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-401 Öldrunarstofnanir, almennt			
1.05 Til að greiða niður uppsafnaðan halla			
öldrunarstofnana	0,0	500,0	500,0
<i>Greitt úr ríkissjóði</i>	<i>0,0</i>	<i>500,0</i>	<i>500,0</i>
2. Við 08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu			
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	10,0	400,0	410,0
3. Við 08-700 Heilbrigðisstofnanir			
1.05 Til að greiða niður uppsafnaðan halla heilbrigðis- stofnana á landsbyggðinni	0,0	300,0	300,0

Greinargerð.

Ljóst er að heilbrigðisstofnanir og öldrunarstofnanir búa við verulegan uppsafnaðan rekstrarhalla og viðvarandi fjárhagsvanda sem brýnt er að taka á hið fyrsta. Í breytingartillögum meiri hlutans er tekið á þessum vanda að hluta hjá sumum þessara stofnana og er því fagnað, en mikið skortir þó á að það sé fullnægjandi. Heilsugæslan í Reykjavík liggur óbætt hjá garði og sömuleiðis heilbrigðisstofnanir, einkum á landsbyggðinni, og elli- og hjúkrunarheimili um allt land. Því er þessi tillaga flutt til viðbótar tillögum meiri hlutans.